

Fundargerð stjórnar Fíh

**Fjórði fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,
starfstímabilið 2022 – 2023,
Miðvikudaginn 19. október kl. 9.00-12.00 (Teams)**

Mættir: Guðbjörg Pálsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Ásdís M. Finnbogadóttir, Hulda Björg Óladóttir.

Boðuð forföll: Hildur Björk Sigurðardóttir,

Gestir: Kristjana E. Guðlaugsdóttir sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs og Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs.

Fundarritari: Guðrún Yrsa Ómarsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð 3. fundar stjórnar Fíh

Afgreiðsla: Samþykkt.

Til umræðu:

2. Niðurstöður kjarakönnunar, nýafstaðin kjararáðstefna og kröfugerð Fíh fyrir komandi samninga

Sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs kynnti fyrir stjórn niðurstöður kjarakönnunnar, sem er í aðalatriðum sú að 96,6% hjúkrunarfræðinga vilja fá hækkun á grunnlaunum. 58,8% hjúkrunarfræðinga eru óánægðir með launin sín og 66,8% hjúkrunarfræðingar íhuga að hætta í störfum vegna álags. Farið var yfir kjararáðstefnu Fíh sem haldin var á Selfossi dagana 3 og 4 október. Ráðstefnan var mjög gagnleg og skilaði góðri vinnu sem mun vera höfð til hliðsjónar í kröfugerð Fíh í komandi kjarasamningum á næsta ári.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórnarmenn hvattir til að mæta á þjóðfundinn sem verður þann 2 nóvember næstkomandi. Þar verður farið yfir innleiðingu og eftirfylgni betri vinnutíma í vaktavinnu.

3. Hjúkrunarþing Fíh 25. október

Sviðsstjóri fagsviðs fór yfir dagskrá og þau sjö stefnumið sem verða til umfjöllunar á Hjúkrunarþinginu 25. október. Stjórnarmenn hvattir til að mæta.

Afgreiðsla: Umræður.

4. Erlent samstarf

Formaður fór yfir efni haustfundar Evrópusamtaka hjúkrunarfélaga (EFN), sem haldin var í Slóveníu.

Afgreiðsla: Umræður.

5. Erindi frá stjórn Öldungadeildar Fíh til stjórnar vegna húsnæðis Fíh

Formaður kynnti erindi frá stjórn Öldungadeildar.

Afgreiðsla: Umræður. Formaður mun fara á fund með stjórn deildarinnar og ræða efnistökin.

Stjórnarfundur slitið kl. 12.30

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 16. nóvember 2022.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, ritari Fíh